

**Kennari:**  
Katrín Helga Daðadóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Kennsla inn í bekk, samþætt verkefni í Stapamix þemum, heimalestur og önnur heimavinna.

**Tímafjöldi:**  
2 kennslustundir á viku, auk samþættingar í Stapamixi.

**Bekkur:**  
8. bekkur

## Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmuna þroska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskiptum við erlenda aðila og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt.

Samstarf milli landa eykst stöðugt og er kunnátta í ensku mikilvægur þáttur að fræðslu, námi og atvinnutækifærum.

## Enska 2. stig

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Hlustun:	Kvikmyndir Þættir Tónlist Valið efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"><li>Getur skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og nýtt sér í ræðu og riti.</li><li>Getur fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.</li><li>Getur hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.</li><li>Getur skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.</li></ul>	Hlustunarefni Umræður

Lesskilningur:	Valið efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Getur skilið megininntak í frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.</li> <li>– Getur lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra.</li> <li>– Getur skilið leiðbeiningar og upplýsingar í daglegu líf, t.d. tómsundur og ferðalög.</li> <li>– Getur fundið lykilupplýsingar í texta og notað í verkefnavinnu.</li> </ul>	Lestur Lesskilnings- verkefni
Samskipti:	Valið efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Getur tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.</li> <li>– Getur notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum.</li> <li>– Getur undirbúið, tekið og veitt viðtal.</li> <li>– Getur bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.</li> </ul>	Umræður
Frásögn	Valið efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Getur sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.</li> <li>– Getur flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu.</li> <li>– Getur flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> <li>– Getur greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.</li> </ul>	Kynningar  Önnur verkefni sem krefjast frásagnar
Ritun:	Valið efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Getur skrifað texta af mismunandi gerðum með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmýnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.</li> <li>– Getur lýst upplifun og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.</li> <li>– Getur samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín.</li> <li>– Getur sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.</li> </ul>	Ritunar- verkefni

Menningar- læsi	Valið efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Getur sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.</li> <li>– Getur sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.</li> </ul>	Lestur um mismunandi menningar
Námshæfni	Valið efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Getur beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu.</li> <li>– Getur valið lykilnámsaðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.</li> </ul>	-
<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur: alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í náminu.		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífelld að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága